

## Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2010

Starfsárið 2009-2010

Náttlaus voraldar veröld er tilvalin til stefnumóta við haf og strönd og eflaust hafa félagar í Íslenska vitafélaginu átt mörg stefnumót sumarið 2009. Reyndar var ákveðið á aðalfundi félagsins að hressa uppá nafngiftina og nú heitir félagið; Íslenska vitafélagið-félag um íslenska strandmenningu.

Í júní fór formaður félagsins á samnorræna ráðstefnu um vita og strandmenningu sem haldin var í Mariehamn á Álandseyjum. Hélt hún þar tölu um félagið, starfsemi þess og sagði frá strandmenningu á Íslandi. Með í för var Magnús Skúlason sem fulltrúi Húsafriðunarnefndar. Fyrirlestur Magnúsar fjallaði um sögu íslenska vitans. Ráðstefnan var fjölmenn og mættu þar fulltrúar félagasamtaka og ríkistofnanna frá öllum norrænu ríkjunum.

Þegar haustaði tóku við fræðslufundir sem eins og áður voru haldnir í Sjóminjasafni Reykjavíkur – Víkinni. Sá fyrsti 5. október og sá sjötti og síðasti í dag 10. apríl. Mæting hefur verið fremur dræm og því ærin ástæða til að endurskoða þessi kvöld fyrir næsta vetur. Ekki hélt félagið neinar ráðstefnur á landsbyggðinni og trúlega er þetta aðgerðaminna ári í sögu félagsins frá upphafi.

Ein stór ákvörðun var þó tekin þ.e. að félagið taki þátt í samnorrænni strandmenningaráttíð sem haldin verður á Húsavík sumarið 2011. Undirbúningur er í fullum gangi búið að stofna sérstakt félag, Sail Húsavík, þar sem Vitafélagið, Norræna húsið, Garðarshólmi/stofa eiga fulltrúa í stjórn og Valgerður Sverrisdóttir sem fulltrúi Húsavíkur er formaður stjórnar. Af hálfu Vitafélagsins er það Valur Þór Hilmarsson sem er stjórnarmaður og formaður félagsins, Sigurbjörg Árnadóttir, er framkvæmdastjóri hátíðarinnar.

Þegar þetta er skrifað hafa fulltrúar öflugra strandmenningarfélaga í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Færeyjum haldið fjóra fundi til að skipuleggja hátíðina og nú hafa bæði Álandseyjar og Grænland bæst í hópinn. Þegar hefur verið ákveðið að hátíðirnar verði árlegur viðburður þar sem norræn strandmenning með fyrirlestur, ráðstefnum, námskeiðum, matarkynningum, tónlist, kvikmyndum, dansi og markaðstorgum verði í hávegum höfð. Við keflinu 2012 tekur Ebeltoft í Danmörku, Karlskrona í Svíþjóð sér um hátíðina 2013 og Noregur 2014.

Nú er í vinnslu gerð minjagripa og munu þeir vonandi líta dagsins ljós á vormánuðum.

Það er gott og gaman til þess að vita að orðið strandmenning hefur fest sig svo rækilega í málinu að nú er til starfsheitið strandmenningarfræðingur og allir hættir að tengja þetta ágæta orð við fáklætt fólk á sólbakaðri ströndu.

Einnig er skemmtilegt að minnast þess að á listasumri 2009 var efnt til listsýninga og/eða listviðburða í fjórum vitum landsins. Það sem þótti óhugsandi og hreint fátánlegt við stofnun félagsins 2003 er nú orðinn sjálfsagður hlutur.

Eins og undanfarið hefur stjórn Íslenska vitafélagsins borist fjöldi fyrirspurna um ólíkustu hluti sem viðkemur sjávarsíðunni, bæði frá Íslendingum og öðru hvoru detta fyrirspurnir erlendis frá inn á tölvuskjáinn sem reynt er að sinna þeim eftir föngum. Aðalega eru það fyrirspurnir um gistingu í vitum, opnunartíma þeirra o. s. frv.

Stjórn Íslenska vitafélagsins þakkar öllum þeim sem lagt hafa leið sína á fræðslukvöld félagsins og fyrirlesurum fyrir þeirra frábæra innlegg. Hugsanlegt er að fræðslukvöldin verði fleiri þegar hausta tekur, í Reykjavík eða annars staðar á landinu. En það er ekki ósennilegt að þau verði með breyttu sniði.

Framundan er sumarið með gullnum tækifærum til stefnumóta við haf og strönd, tækifærum til atvinnu, ævintýra, nýsköpunar og upplifunar.

Sigurbjörg Árnadóttir  
formaður